

Heimsóknir í foreldrasamstarfi

Áhrif heimsókna inn á heimili á foreldrasamstarf skóla og erlendra foreldra

Ana Isorena Atlason



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Heimsóknir í foreldrasamstarfi

Áhrif heimsókna inn á heimili á foreldrasamstarf skóla og erlendra foreldra

Ana Isorena Atlason
270869-2039

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, leikskólakennarafræði
Apríl 2010

Leiðsögukenari: Hildur Blöndal Sveinsdóttir

Ágrip

Markmið þessa verkefnis er að rannsaka í fræðilegum heimildum fjölmeningarfræðanna innan uppeldis- og menntavísinda það sem fram kemur um heimsóknir inn á heimili í samstarfi heimila og skóla. Spurt er hvaða áhrif heimsóknir inn á heimili hafi á foreldra, skóla og börn. Sérstaklega er litið til foreldrasamstarfs skóla og erlendra foreldra hvað þetta varðar. Leitað er helstu þátta sem nauðsynlegir þykja til að heimsóknir inn á heimili beri tilætlaðan árangur og þá er m.a. horft til þjálfunar og undirbúnings kennara. Dæmi eru tekin um verkefni og rannsóknir erlendis frá og hér á landi.

Abstract

The objective of this essay is to examine in multi-cultural educational literature what appears about home visiting in home-school relationship. A question is raised about what influence home-visits have on parents, schools and children. Special attention is given to parental cooperation between schools and foreign parents regarding this issue. The main aspects considered for effective home-visits are sought and emphasis is given to teacher's training and preparations. Examples are given from projects and researches in Iceland and abroad.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	iv
Abstract	iv
Formáli	1
Inngangur	2
Samstarf fjölskyldna, kennara og skóla.....	4
Ástæður fyrir foreldraþátttöku	6
Vinna með fjölskyldur sem hafa margbreytilegan bakgrunn	7
Grunnur að skólastarfi í fjölmeningarsamfélagi.....	9
Hindranir í foreldrasamstarfi	10
Tungumálafærni	11
Takmörkuð færni og þekking	11
Sálræn og menningarleg fyrirstaða	12
Sjálfsstraust.....	13
Að vinna með foreldrum úr minnihlutahópum.....	13
Heimsóknir á heimili	14
Fyrsti fundur kennara og barns á heimili	15
Að fara í heimsókn á heimili	15
Hvatning til foreldra um þátttöku í heimsóknum	17
Kostir heimsókna.....	17
Ókostir heimsókna.....	18
Heimsóknir í samstarfi heimila og skóla.....	18
Pakistanskar fjölskyldur í Bretlandi	18
Mexíkóskar og suður-amerískar fjölskyldur í Bandaríkjunum	19

Pen Green Center	21
Hvernig kennarar skynja ávinning af heimsóknnum á heimili ungra barna	21
Heimsóknir inn á heimili í íslenskum skólum.....	22
Leikskóli í Reykjavík - Þróunarverkefni	23
Úttekt á leikskólanum Ásum í Garðabæ	23
Þróunarverkefni í Oddeyrarskóla á Akureyri	23
Umræður og niðurstöður	25
Út frá sjónarhorni barns.....	27
Út frá sjónarhorni kennara.....	27
Út frá sjónarhorni foreldris.....	27
Lokaorð	28
Heimildaskrá	30

Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til fullnaðar B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Leiðsögukennari minn í þessu verkefni var Hildur Blöndal Sveinsdóttir, aðjúntkt við Háskóla Íslands, og vil ég þakka henni stuðninginn, uppbyggilegar samræður og góðar ábendingar við gerð verkefnisins.

Verkefninu er skilað á íslensku en vegna þess að ég tala aðeins íslensku sem annað tungumál þarf ég stöðugt að leita staðfestingar á að orð, hugtök og setningar séu vel fram sett á íslensku. Dæmi um þetta er nafn verkefnisins en það lá ekki ljóst fyrir hvernig best væri að koma orðum að heimsóknum inn á heimili nemenda. Á ensku er orðið „home visit“ notað. Ég fékk tillögur um ýmis hugtök á íslensku, s.s. heimaheimsókn, fjölskylduheimsókn, vísitering, heimavitjun og heimaviðtöl. Ég ákvað að nota hugtakið „heimsókn inn á heimili“.

Með heimsókn inn á heimili er átt við það þegar kennarar fara markvisst í heimsókn inn á heimili nemenda sinna til að kynnast barninu og því umhverfi barnsins sem heimilið er. Tilgangurinn er einnig að kynnast foreldrum og mynda samband við þá sem er grundvöllur virks samstarfs foreldra og kennara. Ekki eru allir foreldrar jafn virkir í skólastarfinu og því er þörf á að skólinn sækir út til þeirra og veiti þeim hvatningu og leiðbeiningu til að verða virkir þátttakendur.

Ég tók megnið af efninu saman á ensku til að byrja með en svo þýddi ég það yfir á íslensku með hjálp fjölskyldu, vina og starfsfélaga. Þetta hefur verið ærið verkefni í sjálfu sér og vil ég því þakka þeim öllum þolinmæðina vegna sífelldra spurninga varðandi íslenskt málfar. Sérstaklega vil ég þakka Guðjóni Atlasyni, mínum helsta þýðanda sem las efnið yfir, þýddi og aðlagði íslensku málfari.

Inngangur

Mikilvægi foreldra í námi hvers barns verður ekki dregið í efa. Í leikskólanum er þátttaka foreldra sérstaklega nauðsynleg líkamlegri og tilfinningalegri velferð barnsins. Hins vegar má velta því fyrir sér hvaða aðferðir séu árangursríkastar þegar kemur að samvinnu heimila og skóla.

Áhugi minn á samstarfi foreldra og skóla kemur helst til af starfi mínu sem starfsmaður á leikskóla. Ég hef starfað á leikskóla í nær áratug og þetta málefni kemur ávallt upp og kveikir stöðugt hjá mér spurningar og áhuga. Vinnan með börnunum og hið beina samband sem skapast við foreldra þeirra, bæði innfædda og aðflutta hefur kveikt og viðhaldið áhuga mínum til að leita svara um hvernig mögulegt er að efla foreldrasamvinnu. Enn fremur hafa samskipti við vinnufélaga um foreldrasamvinnu hvatt mig til að leita eftir frekari vitneskju til að öðlast dýpri skilning á hvernig hægt sé að hvetja alla foreldra til frekara samstarfs og þá sérstaklega foreldra af erlendum uppruna. Meðal annars hef ég leitað að aðferðum sem hægt er að beita til að virkja fjölskyldur í skólastarfinu og fá foreldra til að verða virkir þátttakendur í námi barna sinna.

Ég er sjálf foreldri og tilheyri þessum minnihlutahópi foreldra af erlendum uppruna, fædd og uppalin við aðrar aðstæður en hér eru og í menningarlega frábrugðnu samfélagi. Skólastarfið var þar töluvert öðruvísi en hér tíðkast. Á það við um aðbúnað, hefðir, gildi, kennsluáferðir og samskipti. Mín eigin barátta sem foreldri með tvær dætur í íslenskum skólum hefur hvatt mig til að öðlast dýpri skilning á efninu.

Á mínum barnaskólaárum var það viðtekin venja að kennarar komu í heimsóknir inn á heimili mitt og var það eðlilegur hluti af skólastarfinu. Ég á mjög góðar minningar tengdar þessum heimsóknum kennaranna. Ég hafði þá tilfinningu að kennararnir mínir hefðu raunverulegan áhuga á mér, létu sér annt um velferð mína og í raun finnst mér að þeir beri enn velferð mína fyrir brjósti.

Heimsóknir inn á heimili eru því ekki nýjar af nálinni en mismunandi er hve mikið þær hafa tíðkast og gæti það m.a. verið af menningarlegum ástæðum, þær hafa hugsanlega fallið í skugga annarra aðferða en hafa undanfarið hlotið töluverða umfjöllun. Það hafa verið umræður á fræðasviði menntavísinda um að heimsóknir inn á heimili séu hluti af sambandi milli heimila og skóla, þá er rætt um heimsóknirnar sem aðferð til að örva þátttöku foreldra og kennara í menntun barnsins (Gestwicki,1997; Meyer, 1990; Gorter-Reu og Anderson1998; Olsen og Fuller, 2008; Knopf og Swick, 2008:423).

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða samstarf heimila og skóla og áhrif þess á börnin, foreldrana og skólana með sérstaka áherslu á heimsóknir inn á heimili, ekki síst með þarfir erlendra foreldra í huga. Einnig verða skoðaðar hindranir í samskiptum heimila og skóla þar sem byggt verður á heimildum sem hafa fjölskyldur af erlendum uppruna í brennidepli. Ritgerðin er miðuð að heimsóknum sem hafa þann tilgang að bæta árangur barna í námi, að koma á sambandi foreldra og kennara og að brúa bil á milli menningarheima.

Rannsóknarspurningin sem lögð er til grundvallar þessari ritgerð er: Hvert er gildi heimsókna inn á heimili fyrir foreldra, skóla og börn? Tilgátan sem lögð er til grundvallar er sú að heimsóknir inn á heimili hafi jákvæð áhrif á samstarf heimila og skóla og jákvæð áhrif á foreldra, kennara og námsárangur barna.

Að uppbyggingu er meginmál ritgerðarinnar í nokkrum hlutum. Í upphafi er gerð grein fyrir almennu mikilvægi foreldrasamstarfs og ástæðum fyrir mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í námi barna sinna og í skólasterfinu. Næst er fjallað um hindranir í foreldrasamstarfi, sér í lagi með tilliti til foreldra af erlendum uppruna. Þá er umfjöllun um samstarf heimila og skóla með áherslu á menningarlega og etníska fjölbreytni, og foreldra af erlendum uppruna. Loks er rætt um heimsóknir inn á heimili, hvernig þær fara fram og áhrif þeirra. M.a. eru skoðaðar rannsóknir og þróunarverkefni sem gerð hafa verið erlendis og hér heima. Kannað er hvort heimsóknir inn á heimili tíðkist á Íslandi að einhverju marki og hver reynslan af þeim hefur verið. Að lokum eru umræður og niðurstöður sem draga má af því sem fram kemur í þeim heimildum sem kannaðar voru í ritgerðinni.

Samstarf fjölskyldna, kennara og skóla

Kennarar gegna mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2003:6) bera foreldrar þó meginábyrgð á menntun og velferð barna sinna en leikskólinn styður foreldrana í uppeldinu. Það er eitt markmiðið með foreldrasamstarfi að veita foreldrum upplýsingar um skólastarfið, um þroskaframar barnsins og að safna upplýsingum um aðstæður foreldra og hugmyndir þeirra um uppeldi. Það er því mikilvægt að þróa samvinnu og byggja upp traust þessara aðila (Aðalnámskrá leikskóla, 2003:35).

Urie Bronfenbrenner útskýrði árið 1979 mikilvægi samstarfs heimila og skóla í vistkerfiskenningum sínum. Hann hélt því fram að það væru tvö umhverfisskilyrði sem nauðsynleg eru til að manneskja þroskast. Það fyrra er einn eða fleiri fullorðinn sem bera ást til barnsins án skilyrða og hitt að þeir fullorðnu verða að hvetja barnið og eyða tíma í sameiginleg verkefni með barninu bæði á heimilinu og fyrir utan það (Boemmel, o.fl., 2001:1). Barnið er í miðjunni í þessu líkani Bronfenbrenners. Barnið hefur áhrif og verður fyrir áhrifum af aðstæðunum sem það er í á hverjum tíma. Vægi fjölskyldunnar og heimilisins er afar mikið fyrir ungt barn vegna þess að þar eru mikilvægustu aðstæður þess og þar eyðir barnið mestum tíma sínum og það hefur mestu tilfinningalegu áhrifin á barnið. Bronfenbrenner talar um barnið sem veru í vernduðu umhverfi. Barnið sem er í miðju þessa verndaða umhverfis, eða hreiðurs, er umlukið lagskiptu umhverfi sem inniheldur einstaklinga og hópa fólks í hverju lagi. Hvert lag hefur bæði bein og óbein áhrif á barnið. Það hlýtur að vera mikilvægt að samfella sé á milli þessara staða í umhverfi barnsins og tenging, t.d. í formi samskipta, fari fram. Slíkt samrýmist hugmyndum Bronfenbrenners sem heldur því fram að það sé nauðsynlegt að brúa bilið milli skóla og heimila. Lestrarnám barna kallar á stuðning og þátttöku fjölskyldunnar heima fyrir. Til dæmis er kennarar kenna börnum að lesa er mikilvægt að fjölskyldan styrki þann lærdóm heima (Boemmel, o.fl., 2001:1-3).

Hlutverk hinna fullorðnu, foreldranna og skólans, er að aðstoða barnið með því að koma á tengingum í umhverfinu og hjálpa barninu að virkja og nýta þessar tengingar til að yfirfæra þekkingu frá einum stað til annars. Samstarf milli heimila og skóla gegnir mikilvægu hlutverki. Árangur barna í námi tengist þátttöku foreldra í náminu. Börnin uppskera gagn af samvinnu foreldra og skóla, þau læra meira, njóta skólans betur og skynja stöðuga hollustu (Allen, 2005:169, Epstein, 1995:702). Börnin sjá að foreldrarnir hafa jákvæð samskipti við skólann og kennarana og slíkt veitir öryggi og vissu. Börnin sem einstaklingar eru í brennidepli samskiptanna. Það skapar traust þegar börnin upplifa það að vera sérstök og einstök en samt að tilheyra hópnum í skólanum, verða hluti af skólasamfélaginu og vera samþykkt inn í

hóþinn. Öll börn ættu því að geta fundið sig í námsumhverfinu í skólanum, finna að þau séu hluti af heildinni.

Í menntun ungra barna hefur þörfin fyrir virka þátttöku foreldra og áhrif hennar á þroska og nám barnanna verið þekkt í langan tíma. Sameiginlega deila foreldrar og kennarar þeim hagsmunum sem felast í þroska og velferð barnanna og að hámarka námsmöguleika þeirra. Foreldrarnir eru fyrstu kennarar barnanna, þeir þekkja barnið sitt best og hafa mikilvægt innsæi í aðstæður og persónuleika barnsins auk þess að búa yfir mikilvægum upplýsingum sem þeir geta veitt kennurunum. Kennarar, hafa hins vegar faglega þekkingu á þroska barnsins og reynslu af vinnu með ungum börnum sem er dýrmæt auðlind fyrir foreldrana (Olsen og Fuller, 2008:182).

Henderson og Berla (1994) könnuðu og greindu rannsóknir sem fjölluðu um ávinning af þátttöku foreldra í námi barna. Rannsóknirnar sýndu að þátttaka foreldra sem er vel skipulögð og vel innleidd er ávinningur fyrir börnin, foreldrana, kennarana og skólana. Gögnin sýna að þegar skólar eru í samvinnu við foreldra til stuðnings námi er tilhneiging til betri árangurs barnanna í lífinu. Henderson og Berla (1994:15) vitna í dæmi um ávinning fyrir börn, foreldra og skóla:

Ávinningur fyrir börn

- Börnin ná betri árangri, án tillits til etnísks uppruna eða kynþáttauppruna.
- Börnin fá almennt hærra einkunnir.
- Börnin ljúka reglulega heimanáminu.
- Börnin hafa jákvætt viðmót til skólans og hegða sér betur.
- Börnin hafa meira sjálfstraust, meiri hvatningu og meiri löngun til að vera í skólanum.

Ávinningur fyrir foreldra

- Foreldrar öðlast meira traust á skólanum og sjálfum sér.
- Foreldrar auka gagnvirkni og samræður við börn sín, bregðast betur við og eru næmari fyrir þörfum barna sinna.
- Foreldrar verða virkari þátttakendur í menntun barna sinna.
- Foreldrar verða öruggari í foreldrahlutverkinu.

Ávinningur fyrir kennara og skóla

- Meiri þátttaka foreldra í skólastarfinu bætir starfsanda meðal kennaranna.
- Kennarar og starfsfólk fá betri umsögn frá foreldrum.
- Regluleg samvinna leiðir til bættra samskipta við foreldra.
- Kennarar og skólar fá betra orðspor í samfélaginu.
- Kennarar og starfsfólk er ánægðara í vinnunni þegar börnin ná betri árangri.

Auk þess fundu Henderson og Berla (1994:28) út að án tillits til tekna, menntunarstigs og menningarlegs bakgrunns geta allar fjölskyldur haft áhrif á árangur barna sinna. Þátttaka foreldra er mikilvæg fyrir árangur barnanna í náminu og hefur víðtæk áhrif á heildræna

skólareynslu barnsins. Foreldrar þurfa hvatningu til þátttöku í skólastarfinu vegna þess að þeir geta verið óöryggir um hlutverk sitt og til hvers er ætlast af þeim (Olsen, og Fuller, 2008:144; Epstein, 1995:703; Knopf og Swick 2007:291).

Skrif fræðimanna á sviði fjölmenningsfræða staðfesta sterk tengsl milli þátttöku foreldra í námi barna sinna og akademískrar færni og árangurs barnanna (Gestwicki, 2007:514; Cairney, 2000:172; Turney og Kao, 2009:267). Hins vegar standa skólar frammi fyrir nokkrum áskorunum við að koma á virkri samvinnu við fjölskyldur sem tilheyra mismunandi menningarhópum. Souto-Manning og Swick (2006:189) bentu á að rannsóknir sýna að foreldraþátttaka hefur almennt aukist síðustu 20 árin. Foreldrar í minnihlutahópum hafa hins vegar tekið minni þátt en aðrir foreldrar, sem hugsanlega njóta betri lífsgæða í formi upplýsinga, tíma, samgangna og efnahags. Þessar áskoranir felast í að fá foreldrana til að taka þátt, ekki síst foreldra sem eru af erlendum uppruna. Það hefur ekki verið vænlegt til árangurs að skólinn sitji hjá og bíði eftir að foreldrarnir taki þátt í skólastarfinu. Það virðist þurfa meira til. Skólar ættu að sækja út í nærsamfélagið og inn á heimilin til að ná til fjölskyldna (Hernandez, 2001:72-84; Epstein, 1995:701).

Menningarlegur margbreytileiki er ákveðin auðlind. „Foreldrar með menningarlega margbreytilegan bakgrunn koma með ríkulega reynslu með sér sem getur verið ávinningur fyrir öll börnin í skólanum.“ (Olsen og Fuller, 2008:204, eigin þýðing) Cairney (2002:172) segir að það sé nauðsynlegt fyrir skóla að bregðast við þessari auðlind sem menningarlegur margbreytileiki fjölskyldnanna er. Sameiginlegur skilningur á gildum og sá lærdómur sem verður til við yfirfærslu þekkingar á milli foreldra og kennara stuðlar að aukinni þekkingu í báðar áttir.

Ástæður fyrir foreldraþátttöku

Það er hægt að geta margra ástæðna til að hvetja foreldra til þátttöku í námi ungra barna sinna. Foreldrar eru helstu félagsmótunaraðilar barnanna, þeir sem miðla menningarlegum gildum og venjum (Allen og Cowdry, 2005:169). Þátttaka foreldra hefur áhrif á námsárangur. Fjölskyldumeðlimir geta hjálpað barninu til að yfirfæra það sem það hefur lært á heimilinu til skólans. Varðandi samband kennara og heimila bentu Whalley o.fl. (2007:87) á að það þyrfti að taka mið af þeim væntingum sem kennarar og skólar hafa til nemenda sinna og fjölskyldna þeirra og að þessar væntingar geti haft áhrif á líðan nemenda og hvernig þeir bregðist við skólanum. Slíkt mat á fjölskyldum sem starfsfólk gerir hefur áhrif. Sambærilegt mat sem foreldrar gera gagnvart skólanum hefur áhrif á skoðun og afstöðu fjölskyldunnar til skólans.

Slíkar skoðanir og viðhorf sem þær kalla fram geta hæglega skapað hindrun fyrir frekari þátttöku í skólastarfinu.

Foreldrar eru mjög fjölbreytilegur hópur fólks og þarf stöðugt að endurskoða ráðstafanir til að tryggja aðgengileika allra fjölskyldna og aðferðir og mögulegar leiðir til að virkja alla foreldra til þátttöku. Það skiptir börn máli hvað foreldrar gera. Það sem gerist inni á heimilunum er mikilvægt. Foreldrar, sem eru virkir þátttakendur og þekkja hvernig þeir geta stutt börn sín, hafa meiri metnað og börn þeirra standa sig betur í skóla (Whalley, o.fl., 2007:87-88).

Vinna með fjölskyldur sem hafa margbreytilegan bakgrunn

Það er staðreynd að hlutfall barna í leikskólum sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur aukist undanfarin ár. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands (2010) voru börn með annað móðurmál en íslensku til að mynda 572 talsins í leikskólunum árið 1998 en 1521 árið 2008. Leikskólabörn að Kárahnjúkum eru ekki með í tölunum. Íslenskir skólar eru þess vegna ekki lengur einsleitir hvað þetta varðar. Hanna Ragnarsdóttir (2007:23) tekur fram að margir fræðimenn telji að menningarlegur margbreytileiki í samfélaginu muni halda áfram að aukast og sé kominn til að vera. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands (2009) teljast 28.644, eða um 9% af heildarmannfjölda, vera innflytjendur. Samkvæmt Stefnu og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar (2009:32) mátti finna 88 þjóðerni meðal leikskólabarna haustið 2008.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla, (2003:18) á leikskólinn að hjálpa börnum af erlendum uppruna til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu án þess að þau þurfi að tapa sambandi við eigin arfleifð. Leikskólinn ætti að tryggja að starfsemi þeirra sé fyrir alla (e. *inclusive*), fjölbreytni sé höfð í fyrirrúmi og að mismunun sé ekki leyfð (e. *anti-discriminatory*).

Öll börn verða fyrir áhrifum af kringumstæðum heimilisins. Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir hvernig slíkt hefur áhrif á atferli barnanna og möguleika þeirra til að læra. Það er mikilvægt að muna að heimilið getur haft önnur gildi og sjónarmið en þau sem skólinn hefur. Það hvernig kennarar höndla slíka áskorun getur haft áhrif á hvort börnin eru örugg og sjálfsörugg eða óörugg og ýgin í kringumstæðunum (Gestwicki, 2007:483).

Fjölskyldur eru mismunandi og hafa margir þættir áhrif, s.s. samsetning, efnahagsleg staða, kynþáttur, uppruni og menntunarstig foreldra. Vitund um trú, gildi, viðhorf og

menningarvenjur barna og fjölskyldna er nauðsynleg til að hvatning til foreldra og áætlanir sem miða að þátttöku þeirra beri árangur (Bradley og Kibera, 2006:39).

Til að ná árangri í vinnu með fjölskyldum, þurfa kennarar að tileinka sér margbreytileg sjónarmið. Ágreiningur getur komið upp í samskiptum kennara og foreldra. Rannsóknir sýna að ein möguleg ástæða ágreinings snýst um menningarleg gildi kennaranna sem geta verið andstæð menningarlegum gildum fjölskyldnanna (Brown, 2009:127; Gestwicki, 2007: 487). Kennarar þurfa að þekkja og vera næmir fyrir fjölbreytileika fjölskyldnanna sem þeir vinna með. Þetta felur í sér að meta fjölbreytileika, menningarlega vitund og skilning á krafti menningarlegrar gagnvirkni (Brown, 2009:128; Gestwicki, 2007:491). Samkvæmt Gestwicki (2007:480) er mikilvægt að vera meðvitaður um menningarlegan margbreytileika vegna þess að það gefur ákveðnar vísbendingar um aðstæður í daglegu lífi fjölskyldna. Þetta er líka nauðsynlegt að hafa í huga þegar litið er til námsárangurs nemenda. Þessi mismunur eða skekkja vinnur gegn náminu ef menningin heima endurspeglar ekki menningu skólans (Huss-Keeler, 1997:175; Turney, 2009:269). Huss-Keeler framkvæmdi vettvangsrannsókn (e. *ethnographic*) í breskum fjölmennningarlegum for- og grunnskóla með nemendum á aldrinum þriggja til tólf ára. Vettvangsrannsóknin fjallaði um upplifun kennara á þátttöku foreldra í námi barna og áhrif þess á væntingar þeirra til möguleika barna til náms. Huss-Keeler komst að því að vegna skorts á samskiptum hafi fyrirfram ákveðnar skoðanir myndast um fjölskyldurnar og það hafði neikvæð áhrif á nám barnanna og gerði aðstæðurnar erfiðari fyrir þau, því fjölskyldurnar voru taldar áhugalausar um samvinnu í skólastarfi. Þegar ung börn upplifa að menningarlegum margbreytileika er sýnd virðing og fjölbreytileikinn viðurkenndur stuðlar það að aukinni virðingu þeirra sjálfra fyrir margbreytileika.

Bradley og Kibera (2006) nefna dæmi sem valdið getur menningarlegum árekstri. Hér á landi er ætlast til þess að börn horfi í augun á þeim [fullorðna] sem þau tala við. Stundum er jafnvel sagt nokkuð hastarlega: „Horfðu í augun á mér meðan ég tala við þig!“ Þessar kröfur um að börnin horfi í augun á viðmælanda stangast á við menningarleg gildi fjölskyldna af suður-amerískum uppruna því börn í þeim fjölskyldum líta niður í virðingarskyni fyrir þeim fullorðna sem er að tala við þau. Það er gegn þeirra siðum að horfa í augun á kennaranum þegar hann talar við þau, slíkt þekkja þau aðeins sem ókurteisi, ögrun og hroka.

Það sem kennara gæti þótt eðlilegt og mikilvægt gæti foreldri þótt skrítið og óviðeigandi. Þegar um slíkt er að ræða og foreldrar og kennarar þekkja hvorki né skilja menningu hvorra annarra, geta myndast hindranir í samstarfi þeirra. Það er á ýmsan hátt auðvelt fyrir kennara sem tilheyra ríkjandi menningarsamfélagi að álykta að börn úr minni-

hlutahópum líði menningarlegan skort og að það þurfi að kenna fjölskyldum þeirra hvernig ala eigi upp börn á betri hátt. Það er þess vegna áskorun til kennara að auka næmni sína fyrir menningarlegum og einstaklingslegum fjölbreytileika og auka samskipti þvert á ólíka menningu (Gestwicki, 2007:489). Uppeldi barna er ofar öllu kennslu- og námsferli sem gerir heimilið að fyrsta námsvettvangi þess. Fyrsta mikilvæga námið og fyrsta félagsmótun barna fer fram á heimilinu með fjölskyldu og nærsamfélagi. Gagnvirkni barnanna við foreldra eða aðra uppalendur varðar leiðina um hvernig þeim mun síðar ganga í skóla. Ef menningarleg gildi og atferli fara saman við stefnu skólans og venjur heldur námið átakalítið áfram. Ef þetta fer ekki saman getur það haft neikvæð áhrif á námið. Nieto (2010:92) heldur því fram að menning, tungumál og nám sé allt nátengt og samhangandi. Hún bendir á að rannsóknir sýna að ólíkir hópar nota mismunandi uppeldisaðferðir sem síðan hafa áhrif á nám barnanna í skóla. Það er því rökrétt að í stað þess að búast við því að fjölskyldurnar innleiði allar breytingarnar, þurfi skólinn einnig að breytast með því að bjóða upp á umhverfi sem endurspeglar námsstíl allra nemenda. Í raun samsvarar þetta einstaklingsmiðuðu námi þar sem persónuleiki einstaklingsins, áhugi, styrkur og veikleikar eru metnir til að mæta þörfum barnsins.

Grunnur að skólastarfi í fjölmeningarsamfélagi

Samfélagið hefur tekið breytingum og nú til dags getum við talað um fjölmeningarsamfélag hér á landi eins og víða þekkt annars staðar. Þetta samfélag kallar á kennsluhætti og skólastarf sem tekur mið af fjölbreytileikanum í samfélaginu. Slíkir kennsluhættir eru faglegir og nemendamiðaðir og fyrir alla nemendur. „Algengur misskilningur um flesta þætti fjölmeningarlegrar kennslu er að hún sé aðallega eða algerlega ætluð nemendum úr minnihlutahópum.“ (Hernandez, 2001:8; eigin þýðing) Kennarar þurfa að kynnast þessum hugmyndum og sannfærast um að skólinn sé fyrir alla og að allir tilheyri fjölbreytileikanum. Ýmsar hugmyndir og viðhorf geta verið steinn í götu breytinga á einhverju sem orðið er hefðbundið og tilheyrir meirihlutamenningu. Það er mikilvægt að menntakerfið innleiði kennsluhætti sem tekur mið af öllum. Námskrár leik- og grunnskóla taka fram að skólinn sé fyrir öll börn og kennurum ber að taka mið af því sem þar stendur. „Leikskólar eru fyrir öll börn, án tillits til andlegrar eða líkamlegrar getu, menningar eða trúar.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2003:7) Samkvæmt Nieto (2010:206) hafa allir aðilar; börn, foreldrar og kennarar hlutverk í skólastarfinu. Það er ekki aðeins fjölskyldunnar að aðlagast skólanum heldur þarf skólinn einnig að koma til móts við fjölskylduna.

Fjölskyldur nú á tímum koma í öllum stærðum og gerðum. Margar fjölskyldnanna koma hugsanlega frá öðrum menningarsvæðum, tala önnur tungumál og hafa búið í ólíku umhverfi. Þessar fjölskyldur gætu haft önnur viðhorf og gildi um uppeldisaðferðir og menntun yngri barna. Ein leið til að auka næmni á gildi og atferli fjölskyldnanna er að vera meðvitaður um hvernig okkar eigin menning og uppeldi hafa áhrif á væntingar okkar um börn (Allen og Cowdry, 2005:165). Viðurkenning á því að fjölskyldur eru mismunandi nær lengra en að setja upp sjónrænt efni í skólanum. Það felur í sér að ganga lengra, nálgast fjölbreytileika samfélagsins og hvetja fjölskyldur til að deila uppruna sínum með öðrum. Slíkt er mikilvægt fyrir þátttöku þeirra og samskipti og skapar tilfinningu fyrir því að tilheyra samfélaginu (Olsen og Fuller, 2008:145-146).

Kennarar hafa því skyldum að gegna gagnvart öllum nemendum sínum. Þeir þurfa að byrja á hreinskilinni sjálfsskoðun á viðhorfum og hugmyndum sínum um börn og fjölskyldur sem hafa margbreytilegan bakgrunn. Að skoða staðalmyndir og hugmyndir um sig sjálfa og aðra og um hvernig fjölskyldum er ætlað að líta út og hegða sér er nauðsynlegt til að geta öðlast og miðlað samþykkingu viðhorfum. Það munu verða tímabil þar sem kennarar upplifa persónuleg óþægindi frammi fyrir ákveðnum hugmyndum og atferli annarra. Viðurkenning á að aðrir hafi rétt á að hafa annars konar gildi og afstöðu og að þau geti í raun verið jafngild viðhorfum annarra (Gestwicki, 2007:490). Þegar kennarar vinna með fjölskyldum, sem tilheyra annarri menningu en þeir sjálfir, þurfa þeir að þjálfra og mennta sjálfa sig um gildi, venjur og samskipti sem eru án óþæginda fyrir fjölskyldurnar. Ein af þeim áskorunum sem kennarar ungra barna standa frammi fyrir er að öðlast meiri þekkingu um hvernig ná má til barna og fjölskyldna sem hafa annan tungumála- og menningarbakgrunn (Allen og Cowdry, 2005:164; Olsen og Fuller, 2008:57-58).

Hindranir í foreldrasamstarfi

Það tekur tíma og krefst reynslu að þróa færni til að vinna árangursríkt starf með foreldrum. Tímaskortur, bæði foreldra og starfsfólks, er veruleg hindrun í að byggja upp samband við foreldra (Rodd, 2007:169-170). Pena (2000:52) fann út í rannsókn sinni á þátttöku foreldra í grunnskóla í Texas að til að byggja upp árangursríkt samband við foreldra þurfa skólar fyrst að gera áætlun um og skipuleggja foreldrapáttökuna. Kennarar hafa nóg að gera við það eitt að sinna kennsluskyldunni og þeim finnst þeir ekki hafa tíma til að vinna með foreldrum. Að auki þurfa stjórnendur að veita kennurum þjálfun í foreldrasamvinnu. Út frá sjónarhóli foreldranna er vinnutími þeirra helsta hindrunin í þátttöku þeirra (Carlise o.fl., 2005:157).

Fram kemur hjá Pena (2000:50-51) að viðhorf starfsfólks skóla hefur áhrif á þátttöku foreldra af mexíkóskum uppruna í Bandaríkjunum. Starfsfólkinu þótti vinna með foreldrum auka starfsálag, meðan foreldrar mættu ekki vegna persónulegra tilfinninga gagnvart starfsfólki skólans eða gagnvart öðrum foreldrum. Foreldrar upplifuðu einnig menningarlegan og stéttarlegan mun sem hafði neikvæð áhrif á þátttöku þeirra. Þeir tóku ekki þátt vegna ótta um að verða misskildir eða óvelkomnir. Til að skólar geti náð til foreldra með einhverjum árangri þarf fyrst að skapa jákvætt félagslegt andrúmsloft þar sem hverri fjölskyldu finnst hún tilheyra samfélaginu og er metin að verðleikum (Olsen og Fuller, 2008:149; Carlisle, 2005:157).

Tungumálafærni

Tungumálið getur verið fyrirstaða í samskiptum foreldra og skóla. Foreldrum með takmarkaða færni í tungumálinu reynist erfitt að taka þátt í skólastarfinu og getur fundist ógn í að hafa samskipti við starfslið skólans eða við að hjálpa til við verkefni í skólanum án stuðnings. Foreldrar treysta sér síður til þátttöku, forðast verkefni sem gætu reynst of flókin og taka þá jafnvel engan þátt vegna óöryggis. „Tungumálið hafði sérstaklega mikil áhrif á ákvörðun um hvaða verkefnum foreldrar kusu að taka þátt í.“ (Pena, 2000:46, eigin þýðing) Mikilvægt er að veita foreldrum sem eiga við tungumálaörðugleika að stríða viðunandi stuðning í skólastarfinu. Stuðningur gæti til dæmis komið frá einhverjum í skólanum eða samfélaginu, gjarnan frá einhverjum sem talar sama tungumál og foreldrarnir.

Takmörkuð færni og þekking

Það eru ekki einvörðungu foreldrar sem geta átt við örðugleika að stríða vegna ónógrar færni eða þekkingar eða óvissu um færni sína og þekkingu. Kennara getur einnig skort þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að eiga árangursríkt samstarf við foreldra og fjölskyldur. Of lítil áhersla hefur verið lögð á þjálfun kennara fyrir samvinnu við foreldra (Rodd, 2007:264; Cairney, 2000:172; Rothstein-Fisch, o.fl., 2009:480). Kennarar treysta oft á eigin lífsreynslu í samskiptum við foreldra og þeir eru einnig oft og tíðum störfum hlaðnir.

Taka þarf tillit til takmarkaðra möguleika foreldra til þátttöku, t.d. vegna vinnuálags. Skipulagning sem gerir ráð fyrir að fundir og ráðstefnur séu aðeins á dagvinnutíma takmarkar þátttökumöguleika foreldra og þar með samband á milli kennara og foreldra. Foreldrar geta átt í erfiðleikum með að mæta á fundi og ráðstefnur vegna takmarkaðs félagslegs stuðningskerfis, t.d. að verða sér úti um barnapössun og einnig vegna takmarkaðra möguleika til samgangna. Persónuleg reynsla foreldra úr skóla sem og skortur á tungumálafærni getur hindrað þátttöku þeirra í skólastarfi (Carlisle, 2005:156-157).

Sálræn og menningarleg fyrirstaða

Menningarlegur mismunur á milli foreldra og kennara, mismunandi lífsstíll, gildi og reynsla geta verið fyrirstaða fyrir árangursríkri foreldraþátttöku (Carlisle, 2005:156). Ekki er óalgengt að misskilningur verði vegna menningarmunar. Báðir aðilar geta t.d. túlkað skilaboð frá hinum aðilanum á rangan hátt. Tjón vegna slíks misskilnings getur orðið verulegt og sett stein í götu frekari árangurs í samskiptum.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að allir foreldrar, sama hvaða kynþætti eða etniskum uppruna þeir tilheyra, hafa áhuga á menntun barna sinna og eru tilbúnir að taka virkan þátt í námi barna sinna (Morris og Taylor, 1998:229). Mikilvægi þess að koma á gagnkvæmum skilningi milli foreldra og skóla og hvetja foreldra til þátttöku í daglegu skólastarfi er eitthvað sem æ fleiri hafa nú áttað sig á. Jafnvel þótt kennarar séu meðvitaðir um mikilvægi sambands við fjölskyldur og að það hafi jákvæð áhrif á árangur barnanna eiga kennarar erfitt með að koma á árangursríkri samvinnu sem krefst verulegra breytinga frá því sem nú er. Turney og Kao (2009:267-269) komust að því að innflytjendaforeldrar skynjuðu hindranir sem koma í veg fyrir að þeir geti orðið þátttakendur í menntun barna sinna. Pena (2000:53) kom með öflugra tillögu er hún mælti með því að foreldrum sé gert ljóst að þeir séu velkomnir og að vilji sé til að bæta samvinnuna.

Ef mikill munur er á heimamenningu og skólamenningu geta börnin samkvæmt Sturm (1997:38) orðið óörugg um stöðu sína og getu og því mikilvægt að virðing sé borin fyrir þeirri þekkingu sem börnin tileinka sér á báðum stöðum. Sturm hélt því fram að þörf væri á að þróa samskiptafærni sem virkaði til að brúa bil milli menningarheima. Það þýðir að byggja á vitund (e. *awareness*) um einstaklinginn og stétt hans og byggja á menningarlegum forsendum sem hafa áhrif á okkar eigin samskipti við aðra sem tilheyra ólíkum menningarheimi. Sú samskiptafærni krefðist einnig hæfileika til að skilja hvað aðrir meina og sveigjanleika til að bregðast við og aðlagast fjölbreytilegum menningarstíl og hafa þyrfti að leiðarljósi sjónarmið sem stuðla að árangri í sameiginlega fullnægjandi samskiptum. Sturm hélt því einnig fram að börn þurfi á að halda fullvissu um að kennarar þeirra meti og beri virðingu fyrir menningu foreldra þeirra og skoðunum þeirra. Þetta er m.a. mikilvægt vegna þess að börn læra og öðlast hæfni til að gera sér grein fyrir því sem fram fer í samskiptum milli ólíkrar menningar og þau skynja og skilja hvað felst í óyrtri tjáningu og atferli þeirra fullorðnu.

Sjálfstraust

Foreldri barns byrjar á að byggja upp sjálfsmynd barnsins frá unga aldri og reynsla barnsins í skólanum veitir innlegg í sjálfsmyndina. Mikilvægt innlegg í sjálfsmynd barnsins mun vera í samræmi við þá mynd sem kennarinn hefur af sjálfum sér og þau sjónarmið sem kennarinn hefur í gagnvirkum samskiptum. Kennarar byggja upp myndir af börnum frá því þau koma í bekkinn eða jafnvel fyrr. Það er mikilvægt að vera meðvitaður um hve auðvelt það er að gefa sér ranga mynd og yfirfæra hana á börnin. Slíkt gerist gjarnan þegar um börn með annan félagslegan eða etnískan bakgrunn er að ræða. Það er auðvelt að hafa miklar væntingar til barna sem koma frá millistéttarheimilum og tala tungumálið vel og njóta augljóslega stuðnings frá foreldrum sínum. Það er einnig auðvelt að hafa of litlar væntingar til barna sem koma frá heimilum sem tilheyra stéttum með lægri félags- og efnahagslega stöðu (Dean, 2005:7).

Börn eru ólík, m.a. vegna áhrifa frá bakgrunni sínum og uppeldisskilyrðum. Tungumálið sem notað er heima getur verið annað en það sem notað er í skólanum. Ef þau eiga að geta lært vel þurfa þau að vera örugg (Dean, 2005:9). Allir foreldrar vilja að börnum þeirra gangi vel í skóla og eru tilbúnir að veita skólanum stuðning ef nálgunin gagnvart þeim er rétt. Um samband foreldra og kennara er hægt að líta á kennarana sem sérfræðinga í menntun en foreldrana sem sérfræðinga í börnum sínum. Foreldrar eru þátttakendur í námi barnanna heima og í skólanum. Það ættu að vera til staðar gagnvirk samskipti, virðing á báða bóga og deila ætti ákvarðanatöku, a.m.k. að hluta til. Það kemur kennurum til góða að hafa góð samskipti við foreldra barnanna sem þeir kenna og vita meira um börnin og bakgrunn þeirra (Dean, 2005:77).

Að vinna með foreldrum úr minnihlutahópum

Foreldrar af erlendum uppruna leggja margir hverjir ríka áherslu á að börnin þeirra fái sem mest út úr menntun sinni og eru ákafir í að gera allt sem þeir geta til að styðja við þau (Dean, 2005:81; Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006:17).

Í rannsóknunum á menntun ungra barna hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að þróa starfsumhverfi þar sem menningarlegur margbreytileiki er hafður að leiðarljósi (Kontos, o.fl., 2002:255). Þótt það sé mikilvægt að þekkja hugmyndafræði fjölmennningarlegrar menntunar í starfi með fjölbreytilegum börnum og fjölskyldum komst Pappamihel (2004) að því að fæstir kennarar skildu hvað starf með menningarlega margbreytilegum nemendahópi felur í sér né heldur nærðu þeir lærdóm þeirra á viðeigandi hátt. Lahman og Park (2004) og

Landerholm o.fl. (2004) bentu á að kennarar ungra barna þurfa að efla þekkingu á menningarlegum fjölbreytileika og hugleiða hvernig ung börn læra í skólanum. Kennarar ættu að sækja sér ítarlega þekkingu á heimamenningu og fjölskyldugildum hvers barns vegna þess að það gæti verið hjálplegt við að túlka atferli barns, sem og til að heiðra menningu barnsins og sýna henni virðingu. Pappamihel (2004) hefur undirstrikað mikilvægi þess að þróa styrk sambönd við fjölskyldur og foreldra vegna þess að þeir eru mikilvæg auðlind fyrir kennslu sem bregst við menningu.

Þátttaka foreldra getur hjálpað til við að auðvelda aðlögun barnsins að skólanum og hjálpar börnum að skilja tengsl heimils og skóla. Þegar börnin sjá foreldra sína og kennara hafa samskipti og eiga samvinnu á vingjarnlegan hátt þá fá börnin þau skilaboð að skólinn sé staður sem er mikils metinn af fjölskyldu þeirra. Þegar kennarar og foreldrar hafa samskipti fá kennarar tækifæri til að skilja börnin betur og foreldrar fá tækifæri til að öðlast betri skilning á staðnum og fólkinu sem leggur barninu til stóran hluta sinnar daglegu reynslu. Hvert barn er einstaklingur og hver fjölskylda er einstök. Besta leiðin til að vita hvernig hægt er að hvetja til og styðja þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu er að kynnast þeim og veruleika þeirra (Carlisle, o.fl., 2005:157).

Heimsóknir á heimili

Það er gott fyrir kennara að byggja upp náð, traust og gagnvirkt samband við foreldra áður en barnið hefur skólagönguna. Slíkt samband getur hafist á ýmsa vegu, svo sem í heimsóknum á heimili, á foreldrafundum og heimsóknum í skólann. Heimsóknir á heimili hjálpa kennaranum að fá heildstæðari mynd af barninu (Hutchin, 2006:32). Hutchin (2006) taldi það vera hindrun í námi og þroska barns ef umönnun og stuðningur sem barnið fær í skólanum eru ekki í samræmi við það sem gerist á heimilinu. Að mæta einstaklingsþörfum barns er flókið ferli en það er miðpunkturinn í hlutverki kennara yngstu barnanna.

Kennarar eru enn nokkuð tvístígandi um ágæti heimsókna inn á heimili, sem gæti m.a. verið vegna þess tíma sem slíkar heimsóknir taka en þeir sem hafa reynt þær hafa komist að því að þær eru mjög mikils virði. Af þeim leiðir mun styrkara samband milli foreldra og kennara. Foreldrar eru á heimavelli og kennarar geta lært mikið af því að sjá heimili nemendanna sem þeir kenna. Að heimsækja barnið á heimili áður en það hefur skólagöngu veitir kennaranum möguleika á að hitta börnin og foreldrana sem einstaklinga. Það getur komið á tilfinningalegu trausti og hjálpað til við að minnka álagið sem verður við að hefja skólagönguna, bæði fyrir foreldra og börn (Dean, 2005:81). Heimsóknir á heimili veita

kennurum möguleika á að sjá heimilið í samhengi við börnin og þær eru leið til að skilja þau betur og öðlast hluttekningu með fjölskyldum þeirra. Þær bjóða einnig upp á leið til að greiða fyrir gagnvirkum samskiptum frá upphafi. Foreldrar kunna almennt að meta fyrirhöfn kennaranna við að koma inn á þeirra svæði, svæði þar sem þeir eru við stjórn en kennarinn er gestur í aðstæðunum. Foreldri getur túlkað heimsókn inn á heimilið sem svo að kennarinn hafi áhuga á fjölskyldunni og getur þá verið tilbúnari til að vinna með kennaranum í framhaldi af heimsókninni. Heimsóknir kennaranna hafa oft jákvæð áhrif á börnin sem ýtir undir áhuga þeirra á að byrja í skólanum. Sambandið hefst því áður en skólinn byrjar (Olsen og Fuller, 2008:120).

Fyrsti fundur kennara og barns á heimili

Það er æskilegra að kennari hitti barn í fyrsta sinn á heimili barnsins, þar sem barninu líður best og er öruggast. Þessi fyrsta heimsókn sem er skipulögð á þeim tíma sem best hentar foreldrum getur verið mjög stutt, en barnið hefur tíma til að hitta kennarann stuttlega og fylgjast með samskiptum foreldranna og kennarans. Það eflir öryggistilfinningu barna að fylgjast með foreldrum sínum og kennara stofna til sambands. Það er einnig hughreystandi fyrir foreldra að fylgjast með kennaranum bregðast mjúklega við þegar barnið er feimið eða óframfærið. Þegar kennarinn talar rólega og hughreystir barnið finnst foreldrum þess sem komið sé fram við barnið eins og það sé sérstakt. Foreldrar taka eftir þessari væntumþykju og það skilar sér til barnsins (Gestwicki, 2004:250-251).

Mikilvægasti þáttur heimsókna inn á heimili eru hinar sterku vísbendingar um að kennarinn láti sér [barnið] nægilega miklu skipta til að teygja sig út fyrir landfræðileg mörk skólafunnar til að ná til barnsins og fjölskyldunnar (Gestwicki, 2004:349). Eini tilgangur barnsmiðaðra heimsókna inn á heimili er að kennarinn og barnið geti eytt saman tíma á heimili barnsins. Það er enginn falinn tilgangur um að fræða foreldra eða meta þá. Börnum og foreldrum líður vel með sjálf sig og hafa samskipti á óformlegan hátt. Börnin fá tækifæri til að finnast þau sérstök þegar þau eru heimsótt á heimilið því athygli foreldranna og kennarans er á þeim sem einstaklingum. Að sjá kennarann inni á sínu heimili byggir einnig upp sterkari tilfinningar um traust og væntumþykju hjá barninu. Foreldrarnir eru á heimavelli og það hefur jákvæð áhrif á sýn þeirra á skólann.

Að fara í heimsókn á heimili

Heimsókn á heimili er kennurum mikilvæg til að afla beinna upplýsinga um umhverfi barnsins. Kennarinn fær upplýsingar um heimilsumhverfið og fjölskylduna með því að vera

athugandi á staðnum. Vegna þess að heimilið er staður sem börnin dvelja meira á er það mikilvægt fyrir kennara að skilja þann hluta í lífi barnsins. Kennarinn stendur frammi fyrir menningarlegu samhengi og venjum fjölskyldunnar sem hjálpar honum að virða mikilvægi menningarinnar og áhrif hennar á barnið. Að afla upplýsinga um barnið heildrænt merkir að læra um alla fjölskylduna og hvern fjölskyldumeðlim sem er mikilvægur barninu. Heimsókn gefur kennaranum möguleika á að sjá inn í þann hluta raunveruleika barnsins sem er á heimili þess og í umhverfi heimilisins. Slík innsýn hjálpar kennurum við að skilja ástæðurnar fyrir ýmsu í atferli barnsins í skólastofunni. Kennarar öðlast einnig betri tilfinningu fyrir því sem fram fer á heimilinu og þegar kennarar hafa tilfinningu fyrir því sem foreldrar eru að gera í sambandi við barnið geta þeir með eigin athöfnum bætt upp og lagt frekar til þess sem kemur frá heimilinu.

Kennarinn fær ekki aðeins hina góðu tilfinningu um að vera meðtekinn af fjölskyldunni heldur einnig innsæið af því að fylgjast með barni og foreldrum hafa gagnvirk samskipti á heimilinu. Slík þekking eflir og færir út reynsluna úr skólanum og hægt er að aðlaga færni og áætlanir svo þær henti sem best hagsmunum barnsins og námsstíl. Kennarar efla einnig næmni sína fyrir menningarlegum margbreytileika og uppgötva aðferðir til að bregðast við hinum mismunandi bakgrunn barnanna. Samkvæmt Gestwicki (2004:358-359) er mjög mikilvægt að kennarar undirbúi sig vel áður en farið er í heimsóknir inn á heimili. Þjálfun kennaranna er mikilvæg og einnig að þeir finni sig tilbúna til að takast á við slíkt verkefni og til að svo megi vera þurfa þeir að hafa framkvæmt ákveðna sjálfsskoðun og stefnumótun. Eftirfarandi þættir eru mikilvægir í heimsóknum inn á heimili barnanna:

- Gerið skýra grein fyrir tilgangi heimsóknarinnar. Foreldrar þurfa fyrirfram að fá greinargóða skýringu á barnsmiðaðri heimsókn. Að hafa minnismiða meðferðis um tilganginn er hjálplegt.
- Gerið tímaáætlun sem hentar fjölskyldunni. Kennari þarf að gera ráðstafanir um tíma- og dagsetningu heimsóknar með þarfir foreldra í huga með því að senda skilaboð heim og fylgja eftir með símtali.
- Kennari ætti að hegða sér eins og gestur og mæta gestrisni fjölskyldunnar. Kennarar eru ekki á heimilinu til að vega og meta heldur til að sýna fram á stuðning á vingjarnlegan og afslappaðan hátt.
- Vertu stundvís. Kennari þarf að virða þann tíma sem fjölskyldan leggur til og hefur til ráðstöfunar.

- Gerið ráð fyrir truflunum. Það er kennarinn sem verður að aðlaga sig að truflunum sem búast má við á venjulegum heimilum.

Heimsóknir á heimili gefa vitnisburð um áhuga kennara á umönnun foreldranna og eru tækifæri fyrir foreldrana til að leika þægilegra og ráðandi hlutverk á meðan það sem fram fer er inni á heimilinu. Fyrir kennara eru heimsóknirnar tækifæri til að ná til fjölskyldnanna og möguleiki til að upplifa heimaumhverfi barnsins og sambönd þess frá fyrstu hendi. Fyrir börnin eru þær möguleiki til að mynda dýpra persónulegt samband við kennarann á öruggum stað (Swick, 2006:285-286).

Hvatning til foreldra um þátttöku í heimsóknum

Þátttaka foreldra í menntun barna sinna hefur kosti fyrir börnin, foreldrana og kennara (Olsen og Fuller, 2008:129-130). Vegna þess að gott samband foreldra og kennara myndast ekki af sjálfu sér þarf kennarinn að leggja hart að sér til að næra sambandið. Heimsóknir inn á heimili er góð leið til að hefja samband foreldra og kennara. Þær auðvelda foreldrum að veita upplýsingar, spyrja spurninga og deila áhyggjum. Johnston og Mermin (1994), Gorter-Reu og Anderson (1998) bentu á að heimsóknir á heimili koma á tengingu og trausti sem og tilfinningum um mikilvægi og umhyggju.

Heimsóknir inn á heimili í þessari ritgerð takmarkast við það sem Allen og Tracy (2004:198-199) kölluðu „auðlindamiðaðar“ (e. *resource focused*). Heimsóknir á heimili í byrjun árs eða einhvern tíma á skólaárinu til að ná til fjölskyldna með það fyrir augum að koma á sambandi við foreldra. Markmiðið er að hitta fjölskylduna á heimavelli og koma á gagnvirkum samskiptum. Kennarinn heimsækir þess vegna fjölskylduna af áhuga á að fræðast um barnið og fjölskylduna.

Samkvæmt Meyer, (1990:18) og Baker, o.fl., (1999:3-4) eru heimsóknir á heimili ekki ný aðferð til að hjálpa börnum með því að bæta samband fjölskyldu og skóla. Þær eru aðferð til að veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Þær eru einn hluti af heildarkerfi þjónustu og stuðnings við fjölskyldur (Meyer, 1999:7 og Allen og Tracy, 2004).

Kostir heimsókna

Kostir heimsókna inn á heimili eru margir. Meyer (1990:21) segir að heimsóknir inn á heimili hafi styrkt sambandið við hvert barn í bekknum, börnin urðu opnari og treystu kennurum betur. Foreldrarnir fundu fyrir frelsi til að nálgast málefni sem þeim og barninu voru tilfinningalega mikilvæg. Allen og Tracy (2004:205-206) og La Point (1993:11) telja að heimsóknir séu mikilvægar til að brúa bilið milli heimilis og skóla. Upplýsingar sem fást

hjálp til við að skilja menningarlegt samhengi fjölskyldna og nýttast kennurum í vinnu með börnin (Johnston og Mermin, 1994:64). Gorter-Reu og Anderson (1998:73) telja að mesti ávinningur heimsókna sé gagnkvæmur skilningur sem myndist milli foreldra, kennara og barna. Gestwicki (2004:358); Knopf og Swick (2008:423) benda á aukið traust hjá börnum, foreldrum og kennurum sem jákvæðan árangur af heimsóknum inn á heimili.

Ókosti heimsókna

Heimsóknir inn á heimili hafa einnig í för með sér ákveðna ókosti fyrir skólana sem veita þarf athygli. Fyrir kennarana auka þær vinnuálag og þurfa yfirleitt að fara fram utan hefðbundins vinnutíma. Misjafnt er hve vel kennarar treysta sér inn á heimili barnanna, óöryggi og þjálfunarleysi hefur þar mest að segja. Þjálfunin tekur tíma og greiða þarf fyrir vinnuframlag utan venjulegs vinnutíma. Þær geta þess vegna reynst tímafrekar og yfirþyrmandi í augum sumra (Johnston og Mermin, 1994:67; Gestwicki, 2004:259-360).

Heimsóknir í samstarfi heimila og skóla

Hér á eftir mun ég greina frá tveimur ólíkum rannsóknum sem unnar voru í sitt hvorum heimshlutanum. Heimsóknir á heimili sem hluti af samstarfi skóla og heimila barna af erlendum uppruna eru teknar fyrir í þessum rannsóknum. Gögn úr þessum rannsóknum sýna að heimsóknir inn á heimili hafa áhrif á foreldrasamstarfið og hjálpa til við að virkja foreldra í skólastarfinu. Samkvæmt Johnston og Mermin (1994:63) hafa heimsóknir inn á heimili verið hluti af leikskólanámskrám á sumum leikskólum og grunnskólum erlendis um margra ára skeið en eru þó almennt ekki hluti af námskrám. Það er því áleitinn spurning hvers vegna heimsóknir hafi ekki verið teknar upp með skipulagðari hætti.

Pakistanskar fjölskyldur í Bretlandi

Rebecca L. Huss-Keeler (1997) gerði vettvangsrannsókn í breskum skóla sem hafði hóp af pakistönskum börnum. Heimsóknir starfsfólks inn á heimili barna í skólanum tíðkuðust ekki. Rannsóknin fjallar um upplifun kennara á þátttöku foreldra og áhuga þeirra á námi barna sinna. Foreldrar þessara barna töluðu mismikla ensku og sumir mjög litla. Fram kom í rannsókninni að viðhorf kennara gagnvart þessum foreldrum var að þeir hefðu ekki áhuga á námi barna sinna. Foreldrarnir tóku lítinn þátt í starfi skólans. Huss-Keeler (1997) komst að því að munur var á því sem starfsfólkið ætlaðist til af foreldrum og þess sem tíðkaðist í pakistanskri menningu þar sem hefð er fyrir að foreldrar styðji börn sín í námi heima fyrir en ekki með því að mæta í skólann. Tungumálaerfiðleikar urðu til þess að skilaboð með óskum

um þátttöku foreldranna skiluðu sér ekki til foreldranna. Þeir foreldrar sem töluðu meiri ensku höfðu meiri og betri aðgang að kennurunum. Afleiðingar af þessu voru m.a. þær að börn þeirra foreldra sem töluðu litla sem enga ensku voru síður álitin tilbúin til að læra og þess vegna fengu þau sjaldnar verkefni við þeirra hæfi. Hugmyndir kennaranna um þessi börn voru byggðar á staðalmyndum um foreldrana og heimilislífið en samkvæmt þeim virtust foreldrarnir ekki nógu meðvitaðir um nám barna sinna. Áhugi foreldra var dreginn í efa, bækur, lestur og námshvatning var ekki talin til staðar. Meðal kennaranna var ávallt talað um þessi heimili á neikvæðum nótum, sérstaklega varðandi tungumálaumhverfi barnanna og bakgrunn fjölskyldnanna (Huss-Keeler, 1997:177). Breyting varð á viðhorfi tveggja kennara þegar móðir drengs úr hópnum bauð þeim heim til sín og þeir upplifðu heimilið á allt annan hátt en staðalmyndin hafði gefið til kynna. Eftir heimsóknina varð breyting á sýn kennaranna og viðhorfum til nemandans og fjölskyldunnar sem í hlut áttu.

Þegar grannt var skoðað kom í ljós að foreldrarnir höfðu mikinn áhuga á menntun barna sinna og höfðu miklar væntingar til þeirra. Menningarlega séð er munur á hvernig pakistanskir og enskir foreldrar taka þátt í námi barna sinna. Pakistönsku foreldrarnir aðstoða barnið heima samkvæmt sinni hefð en fara ekki inn í skólann til þess. „Kennararnir túlkuðu þetta atferli sem vísbendingu um að foreldrarnir hefðu ekki áhuga á námi barna sinna.“ (Huss-Keeler, 1997:180, eigin þýðing) Þetta er dæmi um hvernig menningarlegur mismunur getur komið niður á börnum í skóla og fjölskyldum þeirra. Það er mikilvægt að skólar sækist á virkan hátt eftir því að kynnast fjölskyldunum sem eiga börn í skólanum.

Það var aðeins með því að fara út úr skólaumhverfinu og inn í heimilisumhverfi barns sem kennararnir urðu færir um að sjá að pakistönsk fjölskylda hafði áhuga á námi barna sinna, þrátt fyrir skort á enskukunnáttu. Þessi heimsókn inn á heimilið neyddi þá til að horfast í augu við þá staðalmynd sem þeir höfðu um heimilislíf Pakistana og sjá jákvæða þætti sem til staðar voru í stað þess að beina aðeins augum að því neikvæða. Hún leiddi einnig af sér betri skilning á námi barna (Huss-Keeler, 1997:180, eigin þýðing).

Til þess að skólar geti sótt fram á þessum vettvangi er einnig nauðsynlegt að skipulag sé gott og kennarar fái þjálfun í að fara í heimsóknir og hafa samskipti við foreldra og börn á heimilum sínum. „Þörfin er raunveruleg fyrir aukna þjálfun kennara um hvernig á að skilja og vinna á árangursríkan hátt með etnískum og tungumálaminnihlutahópum.“ (Huss-Keeler, 1997:181, eigin þýðing)

Mexíkóskar og suður-amerískar fjölskyldur í Bandaríkjunum

López, Scribner og Mahitivanichcha (2001) gerðu eigindlega rannsókn í fimm skólum í Bandaríkjunum sem sýnt höfðu árangur í samstarfi við foreldra, m.a. til að fá þá til þátttöku í

skólastarfinu. Þau skoðuðu þetta samstarf og þátttöku foreldranna á víðum grundvelli og komust að því að þessi skólar settu samstarf við foreldra í forgang og ákváðu að skólarnir væru ábyrgir fyrir því að ná til foreldranna og mæta fjölbreytilegum þörfum foreldra sem voru innflytjendur. Þau bentu jafnframt á (López ofl., 2001:257) að þá sé tilhneiging til að takmarka þátttöku foreldra við formlega þætti en gefa ekki gaum að sjónarmiðum minnihlutahópa. Þá vísa þau einnig til niðurstaðna Finders og Lewis frá 1994 um að foreldrar úr minnihlutahópum upplifi oft misskilning og erfiðleika innan menntakerfisins sem ekki aðeins misskilji menningarleg gildi þeirra og trú, heldur setji þeim að auki hindranir sem koma í veg fyrir fulla þátttöku þeirra í námi barnanna (López, ofl., 2001:257).

Varðandi þjálfun og þekkingu kennaranna í skólunum sem skoðaðir voru, þá telja López ofl. (2001) að þekkingin hafi verið afar mikilvæg til að ná slíkum árangri sem þessir skólar höfðu. Margir kennaranna tilheyrðu sjálfir þeim minnihlutahópi sem þeir unnu með og höfðu því leynda (e. *tacit*) þekkingu á þörfum innflytjendafjölskyldna. Þau telja því að kennararnir hafi átt auðveldara með að setja sig í spor þeirra fjölskyldna sem þeir unnu með. Þetta bendir sterklega til að því meiri sem þekkingin er á aðstæðum og menningu þeirra fjölskyldna sem kennarar vinna með, því meiri líkur eru á að ná árangri í foreldrasamstarfinu. Þjálfun og virk leit að þekkingunni hlýtur því að vera eitthvað sem skólar sem vilja ná árangri ættu að tileinka sér. Skólarnir sem López o.fl., skoðuðu notuðu allir heimsóknir inn á heimili sem hluta af sinni áætlun með foreldrasamvinnu. Heimsóknirnar voru einn aðalþátturinn í að afla upplýsinga um aðstæður hvernar fjölskyldu sem voru lagðar til grundvallar þegar frekari samvinna var skipulögð. Heimsóknirnar voru einnig farvegur fyrir nánari persónuleg samskipti foreldra og kennara. Fram kemur hjá López o.fl., að foreldrarnir kunni að meta hversu mikið skólinn leggur sig fram um að ná til þeirra, þeir finna að kennurunum stendur ekki á sama eða eins og eitt foreldrið orðaði það: „Þau koma hingað á heitum eftirmiðdegi, þú veist, og heimsækja okkur? Þeim stendur raunverulega ekki á sama um okkur!“ (López, o.fl., 2001:264, eigin þýðing)

Skólarnir lögðu sig fram um að ná til fjölskyldnanna og eiga frumkvæðið að samskiptum (e. *proactive*). Litið var á þetta sem fyrirbyggjandi aðgerðir. Þetta eru önnur vinnubrögð en að sitja og bíða eftir að vandamálin geri vart við sig og reyna þá að fara að vinna í málunum (e. *reactive*). „...[Skólar] geta ekki bara ætlast til að þeir [foreldrar] komi af sjálfu sér í skólann.“ (López ofl., 2001:264, eigin þýðing) Skólarnir leituðust við að koma á nánú sambandi við fjölskyldurnar með heimsóknum inn á heimili og þeir fylgdu þeirri stefnu

að skólinn væri ábyrgur fyrir að koma á sambandi við foreldrana og skólarnir lögðu mikið á sig til að fá foreldrana til að gerast virkir þátttakendur í námi barna sinna.

Pen Green Center

Heimsóknir inn á heimili er eitt af mismunandi líkönum sem notað er til að virkja og hvetja foreldra til þátttöku í námi eigin barna í Pen Green Center fyrir börn og fjölskyldur þeirra í Corby í Bretlandi. Í Pen Green Center fór fram rannsóknar- og þróunarverkefni á árunum 1995-2000. Í þeim tilgangi að kynnast foreldrum betur vildi starfsfólkið að foreldrarnir gætu talað frjálst og án óþæginda. Þeim var boðið upp á viðtal sem færi fram annaðhvort á heimilinu eða í skólanum. Starfsfólkið sem átti að fara í viðtölin fékk þjálfun áður en hin raunverulegu viðtöl fóru fram. Nær allir foreldrarnir báðu um að viðtölin færu fram á heimili þeirra. Starfsfólkið sagði að heimsóknirnar hjálpuðu þeim að kynnast fjölskyldunum nánar. Í gegnum reglubundnar heimsóknir á heimilin eftir skilmálum foreldrana jók starfsfólkið þekkingu sína á börnunum og fjölskyldum þeirra. Með þessar upplýsingar, var ríkuleg og fjölbreytt reynsla barnanna metin meira og starfsfólkið varð meðvitaðra um þá streitu sem börnin og fjölskyldurnar upplifðu (Whalley, 2007:33-39). Streitan kemur m.a. til vegna mikils vinnuálags, stundum af tveimur störfum, atvinnuleysi, erfiðleikum með að komast á milli staða og öðrum slíkum aðstæðum sem innflytjendur eða aðrar fjölskyldur sem flytja þurfa að takast á við í nýju samfélagi. Vegna vitundar um aðstæður sýndi kennarinn meiri næmni í að hjálpa barninu í skólastofunni (Whalley, 2007:127). Samkvæmt Whalley (2007:125) getur skólinn ekki veitt þann stuðning og þá örvandi námsreynslu sem börnin eiga skilið nema hann hafi upplýsingar frá foreldrunum um hvernig börnin læra á heimilinu. Hún bendir á að kennarar þurfi að þróa með sér sameiginlegan skilning með foreldrunum um hvernig börnin þroskast og læra, bæði á heimilinu og í skólanum. Sameiginlegur skilningur er aðeins mögulegur þegar kennarar taka virkan og árangursríkan þátt með foreldrum sem eru að vinna með börnin sín á heimilinu.

Hvernig kennarar skynja ávinning af heimsóknum á heimili ungra barna

Meyer og Mann (2006:94-96) gerðu könnun um upplifun kennara á kostum heimsókna inn á heimili í tengslum við árangur barna sem voru að færast á milli skólastiga, úr leikskóla í grunnskóla, og fylgdu þeim eftir upp í 2. bekk. Niðurstöðurnar sýndu að heimsóknir inn á heimili veita kennurum möguleika á að sjá börnin í þeirra heimaumhverfi. Af því leiðir að kennarar öðlast betri sýn á þá styrkleika og áskoranir sem barn gæti staðið frammi fyrir í

skólastofunni. Heimsóknirnar gerðu kennarana skilningsríkari varðandi barnið og aðstæður þess.

Heimsóknir inn á heimili í íslenskum skólum

Höfundur hefur lagt töluvert á sig til að safna efni um heimsóknir í íslenskum skólum. Haft var samband við fagaðila víða um land með símtölum og tölvubréfum, leitað var á bókasöfnum og á veraldarvefnum. Leitin skilaði því miður litlum árangri. Menntasvið Leikskóla Reykjavíkur benti á þróunarverkefni í Lækjarborg og nefndi nokkra leikskóla sem hafa boðið upp á heimaviðtöl en mjög takmarkaðar ritaðar heimildir voru fáanlegar (Fríða Bjarney Jónsdóttir, munnleg heimild, 18. janúar 2010). Þjónustuver Kópavogsbæjar gat ekki bent á neinn leikskóla sem notaði heimsóknir inn á heimili (Sigurbjörg H. Hauksdóttir, munnleg heimild, 2. mars 2010). Höfundur komst þó að því að leikskólar Hjallastefnunnar í Garðabæ nota heimsóknir á heimili, þar eru heimaviðtöl að minnsta kosti einu sinni á ári (Edda Rósa Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2. mars 2010). Það virðast ekki liggja fyrir margar heimildir um heimsóknir inn á heimili á Íslandi.

Það virðist vera lítil hefð fyrir slíkum heimsóknum. Ákveðin andstaða, óvissa og óöryggi komu fram þegar hugmyndin um heimsóknir inn á heimili var fyrst kynnt kennurum og stjórnendum í þróunarverkefni sem unnið var í Oddeyrarskóla 2003-2004. Þó buðu fjórir kennarar sig fram til að taka þátt í heimsóknunum en aðrir kennarar og stjórnendur skólans lærðu af verkefninu með því að fylgjast með (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:101). Starfsfólk Oddeyrarskóla á Akureyri fer reglulega í heimsóknir inn á heimili nemenda og er það hluti af eflingu foreldrasamstarfs sem hófst árið 2003. Nú er farið í heimsóknir frá skólanum inn á heimili fyrstu bekkinga á vorin (maí eða júní) og áttundu bekkinga í upphafi skólaársins (Rannveig Sigurðardóttir, munnleg heimild, 30. janúar 2010).

Leikskólar hafa einnig unnið með heimsóknir inn á heimili og m.a. hefur leikskóli í Reykjavík þróað heimsókn á heimili sem hlutaafurð af þróunarverkefni um fjölmennningarlegan leikskóla. Þá hefur leikskóli í Garðabæ einnig unnið með heimsóknir inn á heimili með mjög góðum árangri. Starfsfólki þess leikskóla fannst það tengjast börnunum og fjölskyldum þeirra á annan og betri hátt en áður hafði verið. Foreldrar sem áttu börn í leikskólanum voru einnig mjög ánægðir með heimsóknirnar (Þórunn Einarsdóttir, munnleg heimild, 5. mars 2010).

Leikskóli í Reykjavík - Þróunarverkefni

Fram kemur í grein Önnu Þorbjargar Ingólfssdóttur og Elsu Sigríðar Jónsdóttur (2006), um þróunarverkefni sem þær stýrðu í leikskóla í Reykjavík, að ekki sé löng hefð fyrir samstarfi leikskóla og heimila hér á landi. Þróunarverkefnið hafði að markmiði að „leikskólastarfið endurspeglaði fjölmenningslegt samfélag og að gera heimamál og heimamenningu barnanna að virtum þætti í starfinu.“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006:4) Þetta leiddi til eflingar foreldrasamstarfsins. Þegar þróunarverkefnið hófst fóru fyrstu foreldraviðtölin fram í leikskólanum. Í þróunarverkefninu var ákveðið að bjóða öllum foreldrum, íslenskum sem erlendum, möguleika á að viðtalið færi fram heima. Fram kemur hjá Önnu Þorbjörgu og Elsu Sigríði (2006) að í upphafi þróunarverkefnisins hafi mjög fáir foreldrar valið að hafa viðtalið á heimilinu en síðar hafi margir foreldrar samþykkt að fyrsta viðtalið færi fram heima og nú fara mörg viðtölin fram heima og ríkir mikil ánægja hjá starfsfólki og foreldrum með þessa þróun. Leikskólakennararnir telja að þetta fyrirkomulag auðveldi samskipti við foreldrana. „Eitt það mikilvægasta sem starfsfólk [leikskólans] lærði í þróunarverkefninu var að allt frumkvæði að foreldrasamstarfi verður að koma frá skólanum og oft þarf lítið til að brjóta ísinn. Það hjálpar mikið til að fyrsta viðtalið sé tekið á heimavelli foreldra og það er mikilvægur liður í að kynnast foreldrum og aðstæðum þeirra.“ (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006:20)

Úttekt á leikskólanum Ásum í Garðabæ

Gerð var úttekt á leikskólanum Ásum í Garðabæ í júní 2008. Leikskólinn vinnur samkvæmt Hjallastefnunni og notar heimsóknir inn á heimili. Námskrá Hjallastefnunnar kveður á um skýlausa ábyrgð starfsmanna til að ná jákvæðum samskiptum við alla foreldra og nákvæmar leiðbeiningar eru í starfslýsingum til að aðstoða starfsfólkið við að ná þessu markmiði. Það er mat bæði starfsmanna á Ásum og foreldra barnanna sem þar dvelja að heimsóknir inn á heimilin séu góð leið til að bæta samstarf skólans og heimilanna og að sama skapi gott fyrir börnin. Starfsmenn kynnast betur umhverfi barnsins utan skólans og þeim aðstæðum sem það býr við. Heimaviðtölin skapa persónulegt andrúmsloft og mikið er um að börnin rifji upp heimsóknir starfsmanna á heimili þeirra (Árný Elíasdóttir o.fl., 2008:28).

Þróunarverkefni í Oddeyrarskóla á Akureyri

Í Oddeyrarskóla á Akureyri var unnið þróunarverkefni á árunum 2003-2004 um bætt samstarf heimila og skóla (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006). Nokkur forgangsverkefni voru unnin í tengslum við þróunarverkefnið. Heimsóknir inn á heimili nemenda á yngsta stigi og efsta stigi

voru tvö af þessum forgangsverkefnum. Margar athyglisverðar niðurstöður varðandi heimsóknir inn á heimili komu fram í þessu verkefni. Það kemur ekki sérlega á óvart miðað við hvað heimsóknir inn á heimili eru sjaldgæfar í skólastarfi á Íslandi að það var veruleg fyrirstaða þegar hugmyndin var sett fram í upphafi. Ágreiningur varð uppi um heimsóknirnar og sumir kennarar voru þeim mótfallnir og töldu að slíkar aðferðir myndu ekki virka og aðrir treystu sér ekki í heimsóknir, t.d. vegna ótta og óöryggis við aðferðina, kvíða og streitu sem því fylgdi að fara út fyrir skólann, vinnuramman og sitt svið. „Í átökunum sem urðu í kjölfar tillögunnar um fjölskylduheimsóknina [...], kom á óvart hve viðhorf fólks voru neikvæð gagnvart heimsóknunum.“ (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:74) Það kom í ljós að heimsóknirnar reyndu á og ýmis erfið mál komu upp. Mikilvægt er því að skólinn styðji við kennara sem fara í foreldraheimsóknir og í þessu tilfalli var um hvatningu og launagreiðslu að ræða. Fjórir kennarar tóku loks þátt í heimsóknunum og heimsóttu 56 fjölskyldur í þremur bekkjum. M.a. var farið til allra sex ára barna sem hefja áttu nám haustið 2003 og farið var í tvo bekki á unglingsstigi.

Reynslan af verkefninu varð í heild mjög jákvæð og kemur það fram hjá börnunum, skólastjórnendum, kennurum og foreldrum. Þegar kennarar voru spurðir um árangur forgangsverkefnanna í þróunarverkefninu kom í ljós að heimsóknir til nemenda lentu í tveimur efstu sætunum. „Árangur af fjölskylduheimsóknunum var margvíslegur. Kennarinn hitti alla foreldra og nemendur í fjölskylduheimsókninni að vori eða hausti. Í heimsóknunum mynduðust kynni milli aðila; virðing, öryggi og gagnkvæmt traust byggðist upp sem hélst og hafði áhrif allt skólaárið ...“ (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:101) Auk þess kom fram að: „Kennarar merktu aukin almenn samskipti og jákvætt viðmót foreldra til skólans þegar þeir hófu samstarfið á fjölskylduheimsókn.“ (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:66)

Almennt kom í ljós í verkefninu að heimsóknirnar voru grundvöllur þess að góð kynni komust á, kennarar urðu meðvitaðri um börnin sem þeir kenndu og hag þeirra heima fyrir auk þess sem samvinnan við foreldra varð betri og nánari og hélst góð allan tímann. Fram komu ýmsar nýjar hliðar á skólastarfinu og auknar upplýsingar að heiman sem hjálpa kennurunum að finna úrlausnarmálum réttan farveg. Foreldrarnir sem heimsóttir voru töldu allir að heimsóknirnar hefðu nýst þeim mjög vel eða frekar vel. Þátttaka þeirra varð meiri, þeir urðu áhugasamari um foreldrasamstarfið og þótti meira til skólans og starfsfólks hans koma en áður. Börnin voru almennt ánægð með heimsóknirnar og rekur Ingibjörg (2006) ýmis dæmi um upplifanir barnanna af því að fá kennarann sinn í heimsókn. Sérstaklega virðast þessi fyrstu kynni sem verða hjá sex ára börnunum ábatasöm og stuðningur við þá miklu breytingu

sem er í lífi barnsins sem er að skipta úr vernduðu umhverfi leikskólans yfir í grunnskólann. Kennararnir sem tóku þátt í heimsóknunum voru allir ánægðir með árangurinn. Grunnur væri lagður að kynnum kennara og foreldra og það væri mikill kostur þegar síðar um veturinn þurfti að hafa samskipti við viðkomandi foreldra. Samskipti við foreldra urðu meiri og jákvæðari en venja var, þau voru hnitmiðaðri og tóku minni tíma. Veruleg styrking foreldrasamstarfsins kom fram á unglíngastiginu því að í stað þess að það drægi úr samstarfi við foreldra eins og verið hafði undanfarin ár hélt það sterkt áfram á góðum nótum. Kennararnir sem tóku þátt í heimsóknunum sýndu meiri árangur í foreldrasamstarfinu en aðrir kennarar. „Greinilegt er að samstarf þeirra umsjónarkennara sem sóttu fjölskyldur heim hafði meiri áhrif inn í kennsluna en hjá öðrum kennurum.“ (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:111) Skólinn sem slíkur telur árangurinn af heimsóknunum inn á heimili góðan og má ekki síst sjá það af því að heimsóknir héldu áfram eftir að verkefninu lauk.

Með því að heimsækja fjölskyldur nemenda stíga kennarar Oddeyrarskóla stórt skref til að mæta betur þörfum nemenda og foreldra samhliða því að styrkja tengsl milli skóla og heimila. Skólinn teygði sig mun lengra en hann hefur gert áður og hefur hafið þróun sem ekki verður séð fyrir endann á. Hann býr að því að kennarar hafa farið út úr skólanum til fjölskyldunnar og samfélagsins (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:112).

Ingibjörg Auðunsdóttir (2006:103) mælir með því að fjölskylduheimsóknir verði auknar í foreldrasamstarfi, þó ekki þannig að þær verði gerðar að skyldu heldur verði þær valfrjálsar. Hún komst að því að heimsóknir inn á heimili eru mikilvægar fyrir alla aðilana, börn, foreldra, kennara og skóla. „Mikilvægasta niðurstaða þessa þróunarverkefnis var árangur sá er hlaust af áttakinu þegar umsjónarkennarar sóttu fjölskyldur heim.“ (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:iii)

Ingibjörg Auðunsdóttir (2006:103) varar að lokum við að heimsóknir séu einungis farnar til fjölskyldna með viðkvæman bakgrunn eða barna með sérþarfir, slíkt getur komið óorði á aðferðina. Það er því mikilvægt að heimsóknir séu farnar inn á heimili allra barnanna.

Umræður og niðurstöður

Í þessu verkefni eru skoðaðir ýmsir þættir sem fram koma í fræðiritum, rannsóknum og verkefnum um áhrif af heimsóknunum inn á heimili barna og áhrif sem hugsanlega verða á foreldrasamstarf og börnin. Heimsóknir á heimili sem aðferð í skólastarfi hefur sótt í sig veðrið á undanförunum árum og sýna heimildir þær sem skoðaðar hafa verið að aðferðin fær sífellt meiri hljómgrunn, ekki síst sem undirbúningur fyrir skólagöngu yngstu nemendanna og undirbúningur til að taka á móti nýjum nemendum sem færast milli skóla. Mikilvægt er að

taka fram að heimsóknir inn á heimili eru aðeins ein aðferð af mörgum sem notaðar eru til að efla sem best foreldrasamstarf og samskipti heimila og skóla.

Fjölmenningarlegir kennsluhættir kalla á virkara hlutverk skólanna við að ná til fjölskyldna nemendanna. Kennararnir þurfa að taka frumkvæðið. Hanna Ragnarsdóttir (2007:265) telur að það sé nauðsynlegt að þróa leiðir til að bæta stöðu erlendra barna og annarra minnihlutahópa í leikskólunum. Hún bendir á að kennarar þurfi að taka frumkvæðið, stíga fyrsta skrefið í samskiptum við heimilin. Kennarinn þarf að hafa frumkvæði að því að kynna sér aðstæður fjölskyldunnar, trú þeirra og bakgrunn og leggja þannig grunninn að samstarfi við foreldra. Þetta felur m.a. í sér að spyrja foreldra um væntingar þeirra til skólans og hugmynda þeirra um menntun. Með því að nálgast þessar upplýsingar er kennarinn að senda þau skilaboð til fjölskyldunnar að hann hafi í raun áhuga á barninu og fjölskyldunni (Hanna Ragnarsdóttir, 2007:255).

Ákveðnar hindranir hafa komið í ljós sem valda því að erlendir foreldrar taka síður virkan þátt í námi barna sinna og foreldrasamstarfi í skólunum en aðrir foreldrar og undirstrikar það mikilvægi þess að frumkvæðið komi frá skólunum (López o.fl., 2006; Gestwicki, 2004; Pena, 2000, Turney og Kao 2009). Heimsóknir inn á heimilin gera kennurum kleift að kynnast betur aðstæðum barnanna sem þeir kenna, og þar af leiðandi skilja þeir þær betur. Það er því ekki síst innan fjölmenningarfræðanna sem heimsóknir inn á heimili hafa rutt sér til rúms. Í heimildunum er lögð áhersla á að skólinn komi út úr hýði sínu, teygi sig út fyrir skólalóðina, út í nærsamfélagið og inn á heimilin til að ná til barnsins og þess umhverfis sem það hrærist í utan skólatímans (López o.fl., 2001; Hernandez, 2001; Whalley, 2007). Heimsóknir inn á heimili hafa reynst árangursríkar til að ná til foreldra barnanna og hvetja þá og virkja til þátttöku í námi barna sinna sem samkvæmt heimildum er afar mikilvæg forsenda fyrir góðum námsárangri. Þegar skólinn sækir virkt inn á heimilin til að ná til fjölskyldnanna er unnin ákveðin fyrirbyggjandi vinna í stað þess að skólinn sitji og bíði. Undirbúningur heimsókna og þjálfun starfsliðs er mjög mikilvæg til að heimsóknirnar skili þeim árangri sem þeim er ætlað. Kennarar þurfa að fara í sjálfsskoðun með það fyrir augum að skilja eigin viðhorf og fordóma. Gildi og almennar reglur hafa áhrif á hvernig einstaklingar koma fram við fólk og hvers vænst er af því. Mikilvægt er að varast að vera dæmandi og hugsa í staðalmyndum. Hvernig er talað um og litið á foreldra hefur áhrif á hvernig litið er á barnið. Það sama á við um persónulega trú og gildi (Gestwicki 2007:490).

Heimsóknir inn á heimili er aðferð sem hefur skilað árangri og áhrifin eru bætt samstarf foreldra og skóla sem kemur börnunum til góða í námi sínu (Olsen og Fuller, 2008;

López o.fl., 2001; Whalley, o.fl., 2007; Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006; Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006; Huss-Keeler 1997, Knopf og Swick, 2008).

Johnston og Mermin (1994) gefa innsýn í jákvæð áhrif heimsókna inn á heimili barns sem er að hefja skólagöngu út frá eftirfarandi sjónarmiðum:

Út frá sjónarhorni barns

Heimsóknir inn á heimili er framúrskarandi leið fyrir barn til að kynnast kennaranum sínum. Barnið lærir nafn kennara síns og hvernig rödd hans hljómar. Þau telja mikilvægast að með heimsókninni sýni kennarinn barninu að hann sé persóna sem lætur sig barnið varða og kann að meta hugsanir og tilfinningar barnsins. Þegar barnið kynnist kennaranum minnkar kvíðinn við að byrja í skóla.

Út frá sjónarhorni kennara

Heimsóknin tekur aðeins stuttan tíma, kannski 30 mínútur. Fyrir kennarann er heimsóknin afar góð leið til að kynnast barninu og foreldrum þess. Kennari, barn og foreldri eiga möguleika á góðum samskiptum í heimsókninni. Þekking kennarans á barninu og aðstæðum þess greiðir fyrir léttari aðlögun að skólanum á fyrstu dögnum þegar aðskilnaður frá fjölskyldunni getur verið erfiður.

Út frá sjónarhorni foreldris

Foreldrið fær tækifæri til að kynnast kennara barnsins og sjá viðbrögð barnsins við fyrstu kynnum af kennaranum. Það fylgist með samskiptum barnsins og kennarans og veitir kennaranum upplýsingar um barnið, áhugamál þess, venjur og annað sem gott er að vita áður en barnið byrjar í skólanum. Heimsóknin auðveldar foreldrinu eftir á að ræða um skólann og kennarann við barnið, kennarinn er nú orðinn raunverulegur einstaklingur í huga barnsins.

Þetta eru aðeins dæmi um mögulega kosti. Það sem kemur fram í þeim gefur ágæta mynd af hluta þeirra kosta sem heimsókn á heimili hefur. Að auki koma fram í heimildum áhrif foreldrasamstarfsins, sem er að efla og styrkja bæði foreldra og kennara í hlutverkum sínum. Áhrif á árangur nemenda í námi koma einnig fram í heimildunum. Það er einnig mikilvægt að einskorða heimsóknir ekki við heimili barna sem eru að byrja í skóla heldur halda þeim áfram og heimsækja fjölskyldurnar oft, m.a. til að halda samskiptunum góðum og foreldrasamstarfinu virku.

Leikskólinn getur verið fyrsta reynsla margra innflytjendafjölskyldna af öðruvísi gildum og trú heldur en þær þekkja að heiman. Rothstein-Fisch o.fl., (2009:484) segja að til þess að skólinn geti mætt þroska barnsins heildrænt, verði hann að taka tillit til menningar og áhrif hennar á nám barnsins og þroska. Menningarleg iðja felur í sér matar-, svefn- og salernisvenjur, aðskilnað og leik. Án skilnings á mögulegum árekstrum er líklegt að tveir menningarheimar togist á hjá börnunum, heima og í skólanum. Souto-Manning og Swick (2006:192) bentu á þörfina fyrir að kennarar sjái út fyrir vegg skólans til að læra um fjölskyldurnar og börnin þegar þeir vinna markvisst með margbreytilegan bakgrunn nemenda. Heimildirnar að ofan styðja þá hugmynd að með heimsóknum inn á heimili komi skólar og heimili á jákvæðum tengslum. Þessi tengsl eru grunnur fyrir skilningi á mismunandi uppeldisaðferðum foreldra og skóla. Nieto (2010:127) bendir á mikilvægi þess að nemendum finnist þeir vera hluti af hópnum, tilheyra skólanum, því að slík tilfinning eflir námið. Mikilvægt er því að efla þessa tilfinningu hjá börnum. Þegar börn upplifa að þau tilheyri hóp og finnst þau metin að verðleikum í samfélaginu verða þau opnari fyrir námi. Nemendurnir hafa þörf til að finnast að kennararnir hugsi um velferð þeirra og að námsumhverfi þeirra sé stutt með almennri umhyggju og ástúð.

Lokaorð

Þegar ég kalla fram minningar um eigin reynslu kemur fram sú tilfinning að skólanum mínum var ekki sama um mig. Heimsóknirnar sem ég fékk frá kennurum mínum eru hluti af þessum minningum. Niðurstöðurnar sem fram koma í þessari ritgerð um jákvæð áhrif heimsókna inn á heimili fyrir alla aðila, foreldrana, kennarana og fyrst og fremst börnin, koma mér því ekki á óvart. Ég tel að slíkar heimsóknir séu réttlætanager og eftirsóknarverðar í skólastarfinu þótt þær kalli á þjálfun og séu ákveðið aukaálag á kennarana.

Áhugi, opin framkoma, traust og virðing milli foreldra og kennara skapar jákvætt umhverfi sem býður fólki velkomið. Það hvetur foreldra til þátttöku í skólastarfi barnanna. Foreldrar þurfa að finna að þeir séu velkomnir og þeim þarf að líða vel í skólanum og upplifa að skólinn virði fjölbreytileika. Umhverfi sem býður fólki velkomið hvetur foreldra til samvinnu (Gestwicki, 2007:491; Pena 2000:52; Olsen og Fuller 2008:144; Berger, 2000:232). Heimsókn inn á heimili gefur góð tækifæri til að skoða atferli barnsins í þeirra eigin umhverfi og eru slíkar upplýsingar dýrmætar til að gefa rétta mynd af barninu. Heimsóknir eru ein besta leiðin sem kennarar geta valið til að læra hvað er venjulegt og mikilvægt fyrir nemendur þeirra. Heimsóknir stuðla að nálægð í samskiptum milli foreldra og kennara, foreldrar eru á

heimavelli og kennarar geta lært mikið af því að sjá heimili barnsins. Það er sérlega mikilvægt að heimsækja fjölskyldu barns sem er um það bil að hefja skólagöngu því slíkt getur skapað traust og dregið úr streitunni sem fylgir því að hefja skólagönguna (Olsen og Fuller , 2008:121-122; Knopf og Swick, 2008:423; Johnston og Mermin, 1994: 62-63; Gorter-Reu og Anderson, 1998:73).

Ýmis gögn styðja þá afstöðu að börnum gengur betur í lífinu þegar skólar og fjölskyldur vinna saman (Henderson og Berla, 1994:15). Þegar skólar nota heimsóknir inn á heimili með þeim tilgangi að ná til og læra um börnin og fjölskyldurnar með opnum huga og umhyggju eykst samvinna milli foreldra og skóla. Áhrifin á árangur barnanna í námi koma greinilega fram í heimildunum og styðja við þá tilgátu mína í upphafi að heimsóknir inn á heimilin hafi jákvæð áhrif á samstarf heimila og skóla, foreldra, kennara og námsárangur barna. Heimsóknirnar gætu orðið öflugt vopn til að ná til nemenda og fjölskyldna hvar sem þær eru staddar á stigum lífsins. Árangursrík samskipti milli skóla, starfsfólks og foreldra eru mjög mikilvæg fyrir velferð barnanna. Það tekur hins vegar bæði tíma og vinnu að byggja upp jákvætt samband við foreldra. Heimsóknir inn á heimili gætu verið ein leiðin til að létta og stytta þá löngu leið sem liggur að árangursríku og virku sambandi foreldra og skóla.

Þessi ritgerð fjallar um mikilvægi foreldrasamvinnu og um gildi heimsókna inn á heimili til að efla þá samvinnu. Eins og fram hefur komið benti Leikskólasvið Reykjavíkurborgar á nokkra leikskóla sem hafa notað heimsóknir inn á heimili í starfi sínu. Hins vegar virðist sem mjög lítið hafi verið rannsakað og skrifað nánar um þetta efni hér á landi. Í framtíðinni væri athyglisvert að þróa áætlun um heimsóknir inn á heimili í foreldrasamstarfi sem þróunarverkefni með þann megintilgang að örva foreldrasamvinnu á leikskólum. Það væri gagnlegt að skoða og greina betur hvaða áhrif heimsóknir inn á heimili hafa á foreldrasamstarf í íslenskum leikskólum.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla.* (2003). (Útgáfa á ensku). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Allen, E.K. og Cowdry, G.E. (2005). *The exceptional child. Inclusion in early childhood education.* Ástralía: Thompson.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2006). Samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna. *Uppeldi og menntun*, 15(2), 31-47.
- Árný Elíasdóttir, Ingunn Björk Vilhjálmssdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir. (2008). *Úttekt á leikskólanum Ásum, Garðabæ. Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið.* Reykjavík: Attentus – Mannauður og Ráðgjöf.
- Baker, C. Squires, J. and Whiteley, K.C. (1999). *Home Visiting: A Vermont Approach to Working with Young Children and Their Families.* Vermont: Vermont Agency of Human Services.
- Berger, E. H. (2000). *Parents as partners in education.* (6. Útgáfa) Upper Saddle River, N.J.: Prentice-Hall.
- Boemmel, J. og Briscoe, J. (2001). *Web Quest Project Theory Fact Sheet of Urie Bronfenbrenner.* Sótt 28. janúar 2010 af <http://pt3.nl.edu/boemmelbriscoewebquest.pdf>
- Bradley, J., og Kibera, P. (2006). Closing the Gap: Culture and Promotion of inclusion in child care. *Young Children*, 34-39.
- Brown, M. R. (2009). A New Multicultural Population. Creating Effective Partnerships With Multiracial Families. *Intervention in School and Clinic*, 45(2), 124-131.
- Cairney, T. H. (2000). Beyond the Classroom Walls: the rediscovery of the family and community as partners in education. *Educational Review*, 52(2), 163-174.
- Carlisle, E. Lindsey, S. og Kemple, K.M. (2006). Opening Doors: Understanding School and Family Influences on Family Involvement. *Early Childhood Education Journal*, 33(3), 155-162.
- Dean, J. (2005). *The Effective Primary School Classroom. The essential guide for new teachers.* Oxfordshire : RoutledgeFalmer
- Epstein, J.L. (1995). School/family/community partnerships. *Phi Delta Kappan. Bloomington.* 76(9), 701-713.

- Gestwicki, C. (2004). *Home, School, and Community Relations. A Guide to Working with Families* (5. útgáfa). New York: Thomson Learning Inc.
- Gestwicki, C. (2007). *Home, School, and Community Relations* (6. útgáfa). USA: Thomson Delmar Learning.
- Gorter-Reu, M.S. og Anderson, J.M. (1998). Home Kits, Home Visits, and More! *Young Children*, 53(3),71-74.
- Knopf, H. og Swick, K. (2008). Using Our Understanding of Families to Strengthen Family Involvement. *Early Childhood Education Journal*. 35:419-427
- Hagstofa Íslands (2010). *Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998-2008*. Sótt 20.03.2010 af: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Leikskolar>
- Hagstofa Íslands (2009). *Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa*. Sótt 20.03.2010 af: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Elsa S. Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Magnús Þ. Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls.249-270). Ísland: KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Fjölmenningarfræði. Elsa S. Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Magnús Þ. Bernhardsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls.249-270). Ísland: KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Henderson, A.T. og Berla, N (ritstjórar). (1994). *A New Generation of Evidence. The Family is Critical to Student Achievement*. USA: National Committee for Citizens in Education.
- Hernandez, H. (2001). *Multicultural Education. A Teacher's Guide to Linking Context, Process, and Content* (2. útgáfa). New Jersey: Prentice-Hall, Inc.
- Huss-Keeler, R. L. (1997). Teacher Perception of Ethnic and Linguistic Minority Parent Involvement and its Relationship to Children's Language and Literacy Learning: A Case Study. *Teaching and Teacher Education*, 13(2), 171-182.
- Hutchin, V. (2006). Meeting individual needs. Tina Bruce (ritstjóri), *Early Childhood. A Guide for Students* (bls. 29-42). London: SAGE Publications Ltd.
- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2006). *Árangursríkt samstarf. Þróunarverkefni um bætt samstarf heimila og skóla*. Óbirt M.Ed.-ritgerð. Háskólinn á Akureyri.

- Johnston, L. og Mermin, J. (1994). Easing Children's Entry to School: Home Visits Help. *Young Children*, 49(5), 62-68.
- Kontos, S., Burchinal, M., Howes, C., Wisseh, S., og Galinsky, E. (2002). An eco-behavioral approach to examining the contextual effects of early childhood classrooms. *Early Childhood Research Quarterly*, 17, 239-258.
- Lahman, M.K.E. og Park, S. (2004). Understanding children from diverse cultures: bridging perspectives of parents and teachers. *International Journal of Early Years Education*, 12(2), 131-142.
- Landerholm, E. Gehrie, C. og Hao, Y. (2004). Educating early childhood teachers for the global world. *Early Child Development and Care*, 174(7-8), 593-606.
- LaPoint, S.A., Boutte, G.S., Swick, K.J. og Brown, M.H. (1993). Cultural Sensitivity: How Important Is It for Effective Home Visits? *Day Care and Early Education*. Summer 1993. 11-14.
- Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. (2009). *Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs*. Sótt 20.03. 2010 af: http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/Stefna_og_starfsa_tlung_Leikskolasvids_2009_lokaskjal_10_2009.pdf
- López, G.R., Scribner, J.D. og Mahitivanichcha, K. (2001). Redefining Parental Involvement: Lessons From High-Performing Migrant-Impacted Schools. *American Educational Research Journal*, 38(2), 253-288.
- Meyer, J. A. og Mann, M. B. (2006). Teacher's Perceptions of the Benefits of Home Visits for Early Elementary Children. *Early Childhood Educational Journal*, 34(1), 93-97.
- Meyer, T. (1990). Home Visits: A Child-Centered Approach to an Old Concept. *Day Care and Early Education*. Spring 1990, 18-21.
- Morris, V.G. og Taylor, S.I. (1998). Alleviating Barriers to Family Involvement in Education: The Role of Teacher Education. *Teaching and Teacher Education*, 14(2), 219-231.
- Nieto, S. (2010). *The Light in Their Eyes. Creating Multicultural Learning Communities* (10th Anniversary Edition). New York: Teachers College Press.
- Olsen, G. og Fuller, M. L. (2008). *Home-School Relations. Working Successfully with Parents and Families* (3. útgáfa). Boston: Pearson Education Inc.

- Pappamihiel, N.E. (2004). Hugs and smiles: demonstrating caring in a multicultural early childhood classroom. *Early Childhood Development and Care*, 174(6), 539-548.
- Pena, D.C. (2000). Parent involvement: Influencing and implications. *Journal of Educational Research*, 94(1) September/Október, 42-54.
- Rodd, J. (2007). *Leadership in Early Childhood*. (2. útg.). Buckingham: Open University Press.
- Rothstein-Fisch, C. Turnbull, E. og Garcia, S.G. (2009). Making the implicit explicit: Supporting teachers to bridge cultures. *Early Childhood Research Quarterly*, 24, 474-486.
- Souto-Manning, M. og Swick, K. J. (2006). Teacher's Beliefs about Parent and Family Involvement. Rethinking our Family Involvement Paradigm. *Early Childhood Education Journal*, 34(2), 187-193.
- Sturm, C. (1997). Creating Parent-Teacher Dialogue: Intercultural Communication in Child Care. *Young Children*, 52(5), 34-38.
- Swick, J.K. (2006). Families and Educators Together: Raising Caring and Peaceable Children. *Early Childhood Education Journal*, 33(4), 279-287.
- Turney, K. og Kao, G. (2009). Barriers to School Involvement: Are Immigrant Parents Disadvantaged? *The Journal of Educational Research*, 102(4), 257-271.
- Whalley, M. and the Pen Green Centre Team. (2007). *Involving Parents in their Children's Learning* (2. útgáfa). London: Paul Chapman Publishing.